

MÁLFARSPISTLAR

Í SKÓLASTOFUNA

I



Baldur Hafstað

Skolavefurinn.is

Um efnið

Hér á eftir fara brot úr málfarspistlum sem birst hafa í *Morgunblaðinu* undanfarin misseri (Pistlana má finna í heild í greinasafni mbl.is undir „Tungutak Baldur Hafstað“).

Þessi brot mætti nýta í kennslustund, t.d. í lok tíma þegar þreyta fer að gera vart við sig hjá nemendum.

Það auðveldar alla umræðu um tungumálið að beita hugtökum. Þegar að er gáð þarf ekki mörg málfræði- eða stílfræðihugtök til að gera alla umræðu markvissari og skemmtilegri en ella væri.

Hér gefst tækifæri til að bregða aðeins á leik og sýna nemendum jafnframt að málfræði er hagnýt grein.

Skólavefurinn leggur metnað sinn í að bera á borð vandað og skemmtilegt kennsluefni í íslensku. Þetta er liður í þeirri viðleitni.

Málfarspistill 1 – heilaga þrenningin.

Presturinn sagði í útvarpsmessu: „... sunnudagurinn eftir hátíð heilagrar þrenningu.“ Hér stendur *þrenning* í eignarfalli. Þetta þarf því að vera: „...eftir hátíð heilagrar þrenningar.“ Presturinn bilaði í beygingu eins af lykilorðum kristninnar. Við fyrirgefum honum auðvitað; eignarfallsmynd kvenkynsorða sem enda á -ing á nefnilega í vök að verjast: Prófið t.d., góðir lesendur, að spyrja börnin hvernig orðið *drottning* sé í eignarfalli eintölu með greini (Svar: drottningarinnar, ekki drottningunnar).

- Hvað gerði presturinn vitlaust?
- Hvernig er orðið þrenning í eignarfalli?
- Hvað á í vök að verjast?

Málfarspistill 2 – skammur og skamtur

Öll umræða um málfar verður einföld og skemmtileg ef við beitum hugtökum af nákvæmni. Ég fór í lyfjaverslun um daginn og heyrði apótekarann segja við viðskiptavin: „Þú átt skammt eftir.“ Maðurinn varð skelfingu lostinn en áttaði sig þó fljótt: Orðið *skammt* var nafnorð í þolfalli í máli lyfsalans (lyfjaskammtur), ekki lýsingarorðið *skammur* í hvorugkyni eintölu.

- Hvers vegna varð viðskiptavinurinn skelfingu lostinn?

Málfarspistill 3 – hoggið eða höggvið

„...er til var *hoggið* af miklu afli,“ segir í 11. kafla *Gunnlaugs sögu ormstungu*. Gamla orðabókin gefur einungis upp „höggvið“ sem lh.þt. af so. *höggva*. En vefur Árnastofnunar (bin.arnastofnun.is) sýnir bæði *höggvið* og *hoggið*. Börn eru leiðrétt: „Þú átt að segja *höggvið* en ekki *hoggið*.“ Slíkar „leiðréttingar“ eru óþarfar.

- Hvernig myndast lýsingarháttur þátíðar?
- Hvernig er lýsingarháttur þátíðar af *að höggva*?

Málfarspistill 4 – kauptu eða keyptu

Nú langar mig að nefna tvennt sem oft heyrast en telst ekki vera viðurkennt mál: *Ég vill* og (boðháttinn) *keyptu*. Kennari mætti biðja nemendur um að forðast boðháttinn *keyptu* og segja frekar *kauptu* – með þeirri röksemd að „keyp þú“ hljómi illa. Þá er sjálfsagt að minna á að 1.p.et.frsh. af so. að *vilja* er: **(ég) vil**, ekki *ég vill*. Margir eiga dálítið erfitt með að muna þetta. „Ég **vil** elska mitt land.“ Og: „Ísland ögrum skorið/ eg **vil** nefna þig.

- **Hvort er rétt, kauptu eða keyptu?**
- **Hvort er rétt (ég) vil eða (ég) vill?**

Málfarspistill 5 - frekar frekar

Kennari þarf að luma á einhverju óvæntu til að slá á óróann í bekknum. Og ef hann getur gert það með því að festa jafnframt í sessi málfræðiþekkingu nemenda, þá má hann vel við una. Hann skrifar á töfluna (með glotti): „Skólastjórinn ræður frekar gáfaðar konur.“

Hann lítur snöggt fram í bekkinn og spyr: Hvaða orðflokki tilheyrir „frekar“? Einhver segir að þetta sé lýsingarorð í kvenkyni, fleirtölu, þolfalli. Konurnar, sem skólastjórinn ræður til starfa, eiga þá að vera frekjur.

Annar nemandi segir að *frekar* sé þarna atviksorð. Þá gæti það átt við um lýsingarorðið „gáfaðar“ og sagt nánar til um það, þ.e. að um væri að ræða fremur gáfaðar konur.

Þriðji nemandinn tekur undir það sjónarmið að þetta sé atviksorð, en segir að það sé þarna í miðstigi; skólastjórinn vilji frekar (heldur) ráða gáfaðar konur en t.d. heimsku karla.

Það hefur eitthvað gerst í bekknum. Nemendur hafa komist að því að málfræðihugtök megi nýta í rökræðu um merkingu orða.

- **Hvernig er hægt að misskilja orðið *frekar* í setningunni: „Skólastjórinn ræður frekar gáfaðar konur.“**
- **Ef komma er sett á eftir „frekar“ í setningunni hér að ofan, hvaða orðflokk væri þá um að ræða?**

Málfarspistill 6 - Hver er asni?

Ég er áhugamaður um greinarmerki og tel að allir kennarar ættu að fara yfir reglur um þau með nemendum. Það er t.d. sjálfsagt að afmarka ávarp með kommu: „Heill og sæll, Guðmundur minn, og gleðilegt sumar.“

Lítum á eftirfarandi málsgrein: Umsjónarmaðurinn sagði skólustjórinn er asni. Án greinarmerkja leynast hér tvær andstæðar merkingar:

„Umsjónarmaðurinn,“ sagði skólustjórinn, „er asni.“

Og:

Umsjónarmaðurinn sagði: „Skólustjórinn er asni.“

- **Hvaða greinarmerki skipta höfuðmáli í setningunni fyrir ofan?**
- **Hver var asni?**

Málfarspistill 7 - Um plástra og meinlokur

Ég er enn í miðri kennslustund, og nú þarf ég að hreyfa aðeins við þeim sem farnir eru að dotta. Ég bið hópinn um að finna skemmtilegt orð sem megi nota yfir *plástur*. Þögn. „Meinloka,“ segi ég. Hlátur. En hvað um kirkjugarð? Þögn. „Nábýli,“ segi ég. Hlátur. Að lokum: Finnið annað orð yfir *garðyrkjumann*! Þögn. „Arfakóngur,“ segir kennarinn.

- **Hvernig getur orðið *meinloka* þýtt það sama og *plástur*?**
- **Hvernig getur orðið *nábýli* þýtt það sama og *kirkjugarður*?**
- **Hvernig getur orðið *arfakóngur* þýtt það sama og *garðyrkjumaður*?**



Málfarspistill 8 - vagma eða vagma

Hvernig er eignarfall fleirtölu af a) vagma; b) vagn? Það er dálítið merkilegt að í þeirri snilldarbók *Stafsetningarorðabókinni* (2006) stendur að ef.ft. af *vagma* sé *vagma*. Það væri þá í framburði alveg eins og ef.ft. af *vagn*: *vagna*. Auðvitað verður ef.ft. af *vagma* að vera *vagma*, sbr. vef Árnastofnunar (bin.arnastofnun.is).

- Hvaða „villu“ er að finna í stafsetningarorðabókinni frá 2006?
- Hvert er nefnifall eintölu af orðinu *vagna*?

Málfarspistill 9 - Jóhannes í Bónus

Hvernig væri að sýna fram á að *setningafræði* sé skemmtileg? Kennarinn: „Ég hitti Jóhannes í Bónus.“ Þögn. „Í Bónus hitti ég Jóhannes.“ Þögn. „Semsagt: Ég get tekið forsetningarliðinn ‚í Bónus‘ og fært hann til innan setningarinnar ef þessi Jóhannes er *ekki* hinn eini og sanni Jóhannes í Bónus. Með öðrum orðum: ‚í Bónus‘ er í seinna tilvikinu alveg sjálfstæður setningarliður. Þessi Jóhannes var bara staddur í Bónus þegar ég hitti hann (hann hefur aldrei komið nálægt verslunarrekstri). Í fyrra tilvikinu er ‚í Bónus‘ aftur á móti óaðskiljanlegur hluti Jóhannesar. Ég hitti semsagt sjálfan Jóhannes í Bónus – inni á öræfum!

- Hvern hitti kennarinn í Bónus?
- Hvern hitti kennarinn inni á öræfum?
- Að hvaða leyti eru setningarnar: „Ég hitti Jóhannes í Bónus.“ og „Í Bónus hitti ég Jóhannes“ ólíkar?

Málfarspistill 9 - Gaga og Paris Hilton

Í slúðurdálkum dagblaðanna er margt til fróðleiks og skemmtunar. Nýlega stóð þetta í einum slíkum: „Það er ekki svo langt síðan Gaga og Hilton voru miklir vinir, en það vinasamband virðist ekki hafa enst lengi eins og svo mörg önnur hjá fræga fólkinu.“ Þetta gæti misskilist. Breytum orðalagi og segjum: „...en það vinasamband virðist ekki hafa enst lengi **fremur en** svo mörg önnur hjá fræga fólkinu.“ Við skulum nota slúðurdálkana til að vekja spennandi umræðu um orðalag og stíl.

- **Hvers vegna er betra að skipta út *eins og* í setningunni fyrir *fremur en*?**
- **Hvernig er sambandi Gaga og Paris Hilton háttað samkvæmt þessu?**

Málfarspistill 10 - yfir og undan

„Þeir kvörtuðu *yfir yfirgangi* hans og frekju,“ segir í nýrri skáldsögu. Í stílfræði er það stundum kallað *nástaða* þegar sömu orð eða orðhlutar standa þétt. Hér hefði verið fallegra að segja: „Þeir kvörtuðu *undan yfirgangi* hans og frekju.“

- **Af hverju er ekki gott að nota *yfir* í setningunni: „Þeir kvörtuðu *yfir yfirgangi* hans og frekju,“?**
- **Hvað er *nástaða*?**

Málfarspistill 11 - mánaðamót/mánaðarmót?

Kennum nemendum okkar að þekkja *eignarfall fleirtölu* þegar þeim er sýnt fram á muninn á *mánaðamótum* og *mánaðarmótum*. *Mánaðamót* eru mót tveggja mánaða, segir kennarinn. Orðið mánuður er þar í eignarfalli fleirtölu: *mánaða*. En *mánaðarmót* er mót sem haldið er, t.d. af hópi gamalla skólafélaga sem hittast á kaffihúsi einu sinni í mánuði.

- **Hvenær notum við mánaðarmót?**
- **Hvenær notum við mánaðamót?**

Málfarspistill 12 - Að skjóta eða skjóta ekki

Greinarmerki geta skipt sköpum í lífinu, sbr. skeytið „skjóta, ekki bíða“ sem átti að vera: „skjóta ekki, bíða.“ Í reglum um kommur segir að *ávarp* skuli afmarka með kommu: „Baulaðu nú, Búkolla mín, ef þú ert nokkurs staðar á lífi.“ En menn virða ekki þessa reglu, t.d. í tölvupósti. Ég hvet alla til að beita kommu í ávarpi í næsta tölvubréfi.

- **Hvort skrifa ég, „skjóta, ekki bíða“ eða „skjóta ekki, bíða“ ef ég vil ekki að það sé skotið?**
- **Hvað eru ávarpsliðir?**
- **Hvernig afmörkum við ávarpsliði?**

Málfarspistill 13 - Lamdir skríða draugarnir

Einnig mætti „vekja“ syfjaða nemendur með dæmum úr fyrirsögnum blaða. „Barinn á Hótel Borg“; „Skreið til Nígeríu“; „Látinir þvo strætisvagna á nóttunni“. „Barinn“ er hér ekki nafnorð heldur lýsingarháttur þátíðar.; „skreið“ er nafnorð en ekki sögn í þt.; og orðið „látinir“ er hér í merkingunni „neyddir/ þvingaðir/ fengnir til að gera e-ð: það er enginn draugagangur í þessum strætisvagnþvotti.

- **Hvernig má misskilja setninguna: „Barinn á Hótel Borg“?**
- **Hvernig má misskilja setninguna: „Skreið til Nígeríu“?**
- **Hvernig má misskilja setninguna: „Látinir þvo strætisvagna á nóttunni“?**

Málfarspistill 14 - Af bláu fólki

„Það var Íslendingur, hann var að tala við enskan mann og hann var að útskýra fyrir honum að það hefði bláfátækur barnamaður frosið í hel, og það kom út svona: „A blue poor children man froze to hell.“ (Úr bókinni *Sögur úr Vesturheimi* 2012.)

- **Hvernig myndir þú snúa þessari setningu yfir á ensku: „bláfátækur barnamaður fraus í hel“.**

Málfarspistill 15 - Tíminn og vatnið

Í 12. kvæði í ljóðabókinni *Tímanum og vatninu* eftir Stein Steinar (munum að seinna *r*-ið í Steinarr er nefnifalls-*r*!) er þetta erindi: „Eins og naglblá hönd/ rís hin neikvæða játtun/ upp úr nálægð fjarlægðarinnar.“ Kennari getur gert nemendum gott með því að ræða þessi orð. Hann þarf ekki að beita neinum lærðum hugtökum, en auðvitað sakar ekki að minnast á *refhvörf* eða *þversögn*. Lífið er þversagnakennt. (Hvað merkir annars lýsingarorðið *naglblá*? „Blá eins og nagli“, „blá eins og nögl“ eða „með bláar neglur“ eins og sumar nútímakonur?)

- Hvenær skrifum við tvö *r* í seinna nafni skáldsins Steins Steinars?
- Hvað eru *refhvörf*?
- Hvernig getur fjarlægðin verið nálæg?
- Hvernig myndir þú skýra orðið *naglblá*?

Málfarspistill 16 - Gaggar Mundi í laxveiði

Fjölmiðlar geta verið góð uppspretta fyrir umræður um málfar. Einn nemendi benti á fyrirsögn í blaði: „Laxveiðiár vonbrigða.“ Hún leynir á sér þessi. Hvers vegna? (Er það *árið* eða *árnar* sem valda vonbrigðum?)

„Í þann mund mundi Mundi eftir mundi Mundu,“ sagði annar nemandi. Hér er sami hljómur í fimm orðanna en merking aldrei sú sama. Æfingar af þessu tagi eru sagðar efla heilastarfsemina.

Þriðji nemandi: RAGGA GAGGAR. Hvað er sérstakt við þetta? Eða þetta: Á AGNES ENGA Á?

Svar (ef menn eru í vafa): Það má lesa þetta bæði aftur á bak og áfram

- Á hvaða tvo vegu má skilja fyrirsögnina: „Laxveiðiár vonbrigða.“
- Hvað er átt við með *mundi Mundu*?

Málfarspistill 17 - Kynjadýr og örnefni

Nemandi minn þekkir bandarískan lækni í Texas, sem á íslenska konu. Sá hefur það að tólmstundagamni að þýða íslensk örnefni og heiti beint á ensku. Dæmi: *Baby Bear Bay*, *Wrong River Parliament Easter*, *Screamrocks*.

Í þessu sambandi kemur upp í hugann smásaga Þórarins Eldjárns, *Lúlli og leiðarhnoðað* (úr bókinni *Ó fyrir framan*, 1992). Faðir sögumannsins var með „þýðingadellu“: „Cliff Richard hét Pétur Ríkharðsson, John F. Kennedy hét Jón Kenjadýr og Spike Jones Broddi Jóhannesson.“

- Hvaða örnefni á Íslandi eru: *Baby Bear Bay*, *Wrong River Parliament Easter*, *Screamrocks*?
- Hver er hinn íslenski Spike Jones?

Málfarspistill 18 - Kynjadýr og örnefni

Oxymoron (dæmi: „elskulegt hatur“) mætti vera erlenda heitið yfir *refhvörf*, sem Snorri Sturluson notar yfir það þegar tveimur orðum gagnstæðrar merkingar slær saman: *Þversögn* (*paradox*) er sama eðlis: Eruð þið ekki einfærir um þetta tveir? Hallgrímur Helgason beitir þessu stílbragði margoft í *Konunni við 1000*: „Það var þá sem ég uppgötvaði að Guð er guðleysingi“/ „starði út í sjónleysið og tuggði tannleysið“/ „fyrir utan var komið náttljóð í þögnina“/„stríðinu var lokið og friðurinn úti“.

- Hvernig geta menn tuggið tannleysið?
- Hvað gæti verið átt við með setningunni: „stríðinu var lokið og friðurinn úti“?
- Hvernig getur Guð verið guðleysingi?

Málfarspistill 19 - Kynjadýr og örnefni

Lítum á örfá lýsingarorð Hallgríms Helgasonar úr skáldsögunni *Konan við 1000°*: (ég kom) slagsmáluð (heim)/ kápaðar (vinkonur)/ eyrnaspenntur (slúðurblaðamaður)/ stúlkufagrir (glókollar)/ strandbrún (kona)/ náttgrænt (gras)/ íshvít (hár)/ tómétinn (konfektkassi)/ vorkunnarfagur (piltur)/ ginóður (læknir).

- Hvernig ætli slagsmáluð kona sé?
- Hvað merkir að vera eyrnaspenntur?
- Hvernig er ginóður læknir?

Málfarspistill 20 - Kind á hvolfi

Í virðulegu dagblaði stóð að menn hefðu komið að „kind á hvolfi“. Sá sem skrifaði hefur ekki þekkt lýsingarorðið *afvelta*. Þau eru skemmtileg þessi lýsingarorð sem enda á -a og taka ekki beygingu: agndofa, ráðþrota, klofvega o.s.frv.

- Hvaða orð er betra að nota en „á hvolfi“ í fyrirsögninni Kind á hvolfi?
- Teldu upp fjögur lýsingarorð sem enda á -a og beygjast ekki.

Málfarspistill 21 - Áskeli og Áskatli

Ég fékk upphringingu frá góðkunningja að norðan. Talið barst að beygingum nafna, og hann sagði m.a. að sá mæti menntaskólakennari á Akureyri, Gísli Jónsson, hefði talið þágufallið „Áskeli“ eðlilegra en „Áskatli“, af því að nefnifallið væri ekki „Ásketill“. Góð röksemd. Í handbókum teljast þó þágufallsmyndirnar Áskeli og Áskatli jafngildar.

- Af hverju telur kunninginn að norðan að þágufallið Áskeli sé réttara en Áskatli?
- Hverngi er þágufallið af Áskell?
- Hvernig myndir þú beygja Þorkell í þágufalli.

Málfarspistill 22 - Bóndinn á Efstabæ

Hallgrímur Helgason sýnir frábær stíltílfir í bókinni *Konan við 100°*. Þar eru einnig dæmi um frumlega orðnotkun; lýsingarorðið „stritgrannur“ er t.d. haft um líkama „ömmu Veru“, þeirrar sem nefndi almættið jafnan „bóndann á Efstabæ“.

Gefum nemendum kost á að mynda ný samsett lýsingarorð eins og *slitgrannur* og finna upp ný heiti á alþekkt fyrirbæri eins og guð (=bóndinn á Efstabæ).

- **Hvers konar líkama er stritgrannur?**
- **Hver er bóndinn á Efstabæ?**

Málfarspistill 23 - Drósir ganga

Jóhannes úr Kötlum lék sér að málinu, m.a. með því að yrkja undir sérkennilegum bragarháttum. Í *afdráttarhætti* er fyrsti stafur hvers orðs úr fyrri vísuhelmingi tekinn framan af því, og seinni hlutinn myndaður með þeim stöfum sem eftir verða, sbr. eftirfarandi:

Drósir ganga,
dreyrinn niðar,
drjúpa skúrir.

- **Hvernig hljómar vísuhelmingurinn ef fyrsti stafur hvers orðs er tekinn burt?**



Málfarspistill 24 - Að reka minni til

Það er skemmtileg aðferð að láta nemendur mynda setningar þar sem tiltekin orðmynd birtist í ólíkum flokkum og merkingu. Orðmyndin „minni“ leynir t.d. á sér: Ég **minni** á að ég sagði konunni **minni** að mig ræki ekki **minni** til að hafa séð **minni** systurina þar sem drukkið var **minni** forsetans.

- Í hvaða orðflokkum er orðið minni í setningunni að ofan.

Málfarspistill 25 - Óskráð regla

Ég las nýlega ágæta þýðingu á góðri sögu. En þýðandinn brýtur á einum stað óskráða íslenska reglu: „Þegar hún kom heim eftir athöfnina ... sýndi mamma mér heiðurspeninginn.“ Hér stendur fornafnið á undan nafnorðinu sem það vísar til. Gerum því þessa breytingu: „Þegar mamma kom heim eftir athöfnina ... sýndi hún mér heiðurspeninginn.“

- Hvað reglu braut þýðandinn?
- Hvað eru óskráðar reglur?
- Hvað finnst þér um þessa óskráðu reglu?

Málfarspistill 26 – Um *i* og *u* í *byndu* og *bindu*

Erfitt!

Eftirfarandi fyrirsögn birtist eitt sinn í *Morgunblaðinu*: „**Leiðrétting: Skuldbyndu, ekki skuldbindu.**“ Prófarkalesari hafði í ógáti á tveimur stöðum breytt stafsetningu upphaflega textans á viðtengingarhætti þátíðar af sögninni *skuldbinda* úr **skuldbyndu** í **skuldbindu**. „Það fyrra er að sjálfsgöðu rétt og er beðist velvirðingar á mistökunum,“ sagði í lok leiðréttingartextans.

Með eftirfarandi málsgreinum skýrist munurinn á viðtengingarhætti nútíðar og viðtengingarhætti þátíðar:

a) Hún segir að hún finni (vth.nt.) til þreytu en spinni (vth.nt.) þó á hverjum degi;

b) Hún sagði að hún fyndi (vth.pt.) til þreytu en spynni (vth.pt.) þó á hverjum degi.

Góð er þessi gamla regla: Vth.pt. er leiddur af 3. kennimynd: spinna – spann – spunnum (vht.pt.: *spynni* með i-hljóðvarpi u>y).

- Hún *vill* (nt.) að hann *bindi* enda á þetta (vth.nt.: *i* leitt af 1. kennimynd)
- Hún *vildi* (pt.) að hann *byndi* enda á þetta (vth.pt. *y* leitt af 3. kennimynd)

Málfarspistill 27 – Besserwisser: sjálfviti

Valgarður Egilsson skáld og læknir hefur lagt til orðið *sjálfviti* fyrir þýska orðið *Besserwisser* (= sá sem veit betur).

Sjálfviti veit sjálfur betur en aðrir, alltaf og ævinlega. Orðið sjálfviti minnir á hálfviti og er því blandið háði og húmor.

Málfarspistill 28 – Ugluspegill

Steinar Matthíasson hefur þýtt og gefið út *Ugluspegil*, eitt frægasta verk Þjóðverja frá fyrri öldum (prentað snemma á 16. öld). Ugluspegill (aðalpersónan) er talinn hafa verið uppi á 14. öld; hann var skúrkur, ferðaðist um land sitt og gerði mönnum grikk.

Margir prettir Ugluspegils tengjast orðaleikjum, hann bregst t.d. bókstaflega við fyrirskipunum, og afleiðingarnar verða sprenglægilegar.

Þegar Ugluspegill er við dauðans dyr kemur móðir hans til hans í þeirri von að hreppa eitthvað af eigum hans. Hún spyr hann *hvar* hann sé veikur. Hann svarar: „Hér á milli rúmstokks og veggjar!“ Þá segir hún: „Æ, kæri sonur, segðu nú eitthvað sætt við mig.“ Ugluspegill: „Kæra móðir, hunang, það er sætt.“

- **Hvað á móðir Ugluspegils við með spurningu sinni?**
- **Hvernig skildi Ugluspegill spurninguna?**
- **Hvað á móðirin við með orðinu „sætt“?**

Málfarspistill 29 – hlerana/ hleranna

Mikið var rætt um símhleranir stórvelda árið 2014, m.a. um að bandarísk stjórnvöld hleruðu síma Þýskalandskanslara. Þá birtist eftirfarandi fyrirsögn í blaði:

„Angela Merkel æf vegna hleranna“

Hvers vegna er þessi fyrirsögn undarleg? Beitið málfræðihugtökum!

Svar: Síðasta orðið í fyrirsögninni er rangt stafsett: Það á að standa *hlerana*. Hér er átt við orðið *hlerun* (ft. *hleranir*). Það eru engir *hlerar* hér! Eignarfall fleirtölu án greinis af *hlerun* er *hlerana* (kvk.-orð sem endar á -un (*hlerun*) og leitt er af sögn: alltaf eitt n.).

- **Hvernig er orðmyndin *hlerananna* í nefnifalli fleirtölu án greinis? (Svar: *hleranir*)**
- **Hvernig er orðmyndin *hleranna* í nefnifalli fleirtölu án greinis? (Svar: *hlerar*)**
- **Hvaða falli stjórnar forsetningin *vegna*? (Svar: eignarfalli)**
- **Flettið upp orðunum *hlerun* og *hleri* á bin.arnastofnun.is (Þar eru orðin beygð með og án greinis!)**

Málfarspistill 30 – Slanguryrði: tanpína

Ný slanguryrði myndast stöðugt og bera vott um skapandi kraft. Þau hverfa síðan eða lifa. *Tankrem* og *djammviskubit* eru dæmi um ný slanguryrði. Bæði eru undir enskum áhrifum (eins og slangur er gjarnan) en tengjast orðum sem við þekkjum öll. Hver kannast t.d. ekki við *samviskubit* eftir góðan fagnað? *Tankrem* er e.k. sólarolía, orð sem unglingum finnst gaman að beita, m.a. til að stríða afa og ömmu. „Ég mundi eftir tankreminu og tannkreminu,“ sagði unglingurinn við afa eftir að afi hafði skömmu áður hneykslast á orðinu *tanaður* (=sólbrúnn).

Sami unglingur kom svo heim úr útilegunni. Hann hafði gleymt að nota sólarvörnina (tankremið). „Hvað er að sjá þig?“ sagði afi. Unglingurinn: Ég er með *tanpínu*.

- Hvers vegna fer orðið *tanaður* í taugarnar á afa?
- Hvað er svona fyndið við orðið djammviskubit?
- Hvort finnst þér fallegra að segja *tanaður/tönuð* eða *sólbrúnn/sólbrún*?

Málfarspistill 31 – Facebook: sveitasími?

Sennilega hefur unglingur ekki látið sér detta í hug orðið *sveitasími* fyrir *facebook*, því það er svo langt síðan sveitasíminn var aflagður – þar sem allir í sveitinni gátu hlustað á (hlerað) þá sem töluðu í símann – og lagt orð í belg ef svo bar undir.

Það var maður sem mundi gamla sveitasímann sem kom með þessa tillögu. Hann óskaði vinum „á sveitasímanum“ gæfu og gengis. Margir gáfu honum „lík“ fyrir þessa tillögu.

- Hvað finnst ykkur um orðið *sveitasími* fyrir *facebook*?
- Gætuð þið fellt ykkur við orðið *lík* fyrir *like*?
- Hvað segið þið þá um orðið *líkþrá* fyrir von um mörg *lík* á sveitasíma (*facebook*)?
- Flettið upp orðinu *líkþrá* í orðabók. Hvað merkir það þar?

Málfarspistill 32 – örfá stíldæmi frá Jóni Kalman

Jón Kalman er einn af meisturum stílsins. Í bókinni *Fiskarnir hafa einga fætur* er þessi myndhverfing: „Lífið, segir einhverstaðar, er ljósgeisli sem rispar myrkrið, síðan er það horfið“ (134). Það eru töfrar í myndmálinu. „Já, hér stöndum við saman, eins og bræður, og bærinn okkar kemur á móti okkur eins og falleg bæn“ (142). „Eilífðin er eins og risastórt þögult kirkjuorgel“ (172).

Jón Kalman predikar ekki en hreyfir við okkur á sinn sérstaka hátt: „Lífið er eitt tækifæri, við fáum eitt tækifæri til að vera hamingjusöm, hvernig getum við nýtt það?“ (206). „Án svefnis og hvíldar erum við ónýtt, þreytan brenglar alla tilveruna, hún breytir smávægilegum og hversdagslegum atvikum í sendingu frá helvíti“ (207).

- Bentu á tvær *viðlíkingar* í textadæmunum hér að ofan.
- Bentu á eina myndhverfingu í textadæmunum.

Málfarspistill 33 – Hvern deitaði mamma þín?

Í laugunum spurði helgarpabbi 7 ára son sinn: „Hvern var mamma þín að deita um helgina?“ Drengurinn skildi ekki spurninguna.

- Hvaða íslensk orð getum við notað yfir *deita*? (Svar: eiga stefnumót við/ fara að hitta/ mæla sér mót við)
- Hefur þú eitthvað á móti orðinu *deita*? Ef svo er, hvers vegna?

Málfarspistill 34 – Nafnið kemur á undan fornafninu!

Lítum á eftirfarandi dæmi úr þýðingu á enskri sögu:

Dæmi 1: „Þegar **hún** kom inn í setustofuvagninn með sveigðum barnum úr dökku timbri og lágum vínrauðum hægindastólum, fann **Nick** svitadropa safnast saman á milli brjóstanna“ (bls. 14; *hún* og *Nick* eru sama konan).

Dæmi 2: „Þegar **hún** heyrði Ed fara niður stigann reif **Daisy** sig úr sumarkjólnum...“ (bls. 74; *hún* og *Daisy* eru sama konan).

Samkvæmt málvenju í íslensku kemur nafnið á undan fornafninu í málsgreininni. Þess vegna þarf í dæmunum hér að ofan að segja: „Þegar **Nick** kom inn í setustofuvagninn ... fann **hún** svitadropa ...“ Og: „Þegar **Daisy** heyrði Ed fara niður stigann reif **hún** sig úr sumarkjólnum.“

Málfarspistill 35 – Mætti orða betur?

Nýleg blogg færsla: „Í báðum þáttum dagsins var ekki minnst aukateknu orði á eina af stærri fréttum vikunnar.“

Hér hefði mátt bæta og einfalda um leið: „Í hvorugum þáttanna var minnst...“

Málfarspistill 36 – Karlþjálfari kvennaliðs

Glöggur útvarpshlustandi heyrði karlþjálfara kvennaliðs í knattspyrnu segja: „Við vorum góðar á miðjunni.“

Dyggur blaðalesandi rak augun í frétt þar sem talað var um „piparkarl milli hjónabanda“. Piparkarlar hafa alltaf verið ókvæntir. (Þessi maður hefur augljóslega átt konu (sem nú er annaðhvort látin eða skilin við hann) og því ekki rétt að tala um hann sem piparkarl). Sagt er um menn sem átt hafa konu en eru enn ekki kvæntir aftur að þeir hafi verið „milli kvenna“ áður en þeir gengu að eiga seinni konuna. Séra Oddur í Miklabæ er t.d. talinn hafa verið milli kvenna þegar Miklabæjar-Solveig „lagðist á hugi við prest“, sbr. þjóðsöguna *Miklabæjar-Solveig*.

Málfarspistill 37 – atviksorð eða lýsingarorð?

Eitt af því sem kennarar glíma við er að skýra muninn á *lýsingarorðum* og *atviksorðum* þegar þau hljóma eins, t.d. þegar lýsingarorðið er í hvorugkyni og endar jafnvel á -lega í þokkabót.

Barnið er gleraugnalaust (lo). En: Gamalmennið les gleraugnalaust (ao).

Þótt við breytum kyninu á frumlagi seinni setningarinnar breytist atviksorðið ekki (Langafi les gleraugnalaust). En í fyrra dæminu breytist lýsingarorðið ef frumlagið breytist: Konurnar eru t.d. gleraugnalausar.

Niðurstaða: Í seinni feitletruðu setningunni er þetta spurning um það *hvernig eitthvað er gert*. Skáldið hrópar t.d. *ellilífeyrislega* í *Höfundur Íslands* (bls. 66) eftir Hallgrím Helgason. Í fyrra feitletraða dæminu er aftur á móti um að ræða nánari lýsingu á *barninu*.

En hvað segja menn um þessa setningu: „Konan söng lagið fallega“?

Er *fallega* atviksorð eða lýsingarorð? Sá fær prik sem svarar svona: Ef konan söng þetta lag fallega, ja, þá er þetta atviksorð (Hvernig var lagið sungið?). En ef *lagið* er fallett, þá er *fallega* lýsingarorð (Látum ekki orðaröðina villa okkur sýn: þetta var lagið góða sem við elskum öll).

Málfarspistill 38 – Nokkur sérkennileg lýsingarorð

Lítum á nokkur frumleg lýsingarorð úr bókinni *Höfundur Íslands* eftir Hallgrím Helgason: Gúmmífætt (dráttarvél, 46); ritvont (hótel þar sem skáldið dvaldi, 70); eineltur (unglingur, 163); bóluskreytt (stúlka, 88); húskaldir (menn, 14); fullorðaðir (heiðursmenn, 17 [þeir hafa fengið margar orður um dagana]); naglvana (fingur, 75); dalkaldir (dagar í afdal, 189); blaðsléttur (fjörður, 202).

Þetta er sagan af Hrólfi bónda í Heljardal sem var eitt sinn „þrjú daga í göngum, tvo daga í réttum og mjög í afrétturum er heim kom“ (42).

Málfarspistill 39 – Lestu vísuna bæði lárétt og lóðrétt!

Til er bragarháttur þar sem lesa má sömu vísuna bæði lárétt og lóðrétt. Erfitt getur reynst að eiga við lokalínuna (sem samsvarar dálkinum lengst til hægri). Hér er það mál leyst með örlitlu svindli, þ.e. sviga utan um tvö n í einu orðanna. Þannig verða lokaorðin þrjú rökrétt niðurstaða skáldsins.

Sigmundur	Davíð	drottinn	baldinn,
Davíð	stjórnar	bakvið	tjaldið
– drottinn	bakvið	bláa	faldinn,
baldinn:	Tjaldið	faldi(nn)	valdið.

Málfarspistill 40 – Nokkur dæmi um tvíræðni

„Svanir skilja ekki.“ „Bæjarstjórinn hjálpar Aldrei“ [undanskilið í fyrirsögninni: fór ég suður]. „Ríkisstjórnin greiðir fyrir gerð kjarasamninga.“ „Þetta er ónýtt tækifæri.“ „Barnið er smekklaust.“

Leitið að fleiri samsvarandi dæmum í fyrirsögnum.

Hvað telur þú að átt sé við með fyrirsögninni „Ríkisstjórnin greiðir fyrir gerð kjarasamninga“?

Málfarspistill 41 – Er alveg bannað að sletta?

Lærdómsmaðurinn Stefán Karlsson skrifaði grein í *Samvinnuna* árið 1971 (4. tbl.). Það var nýr tónn í texta Stefáns; hann benti m.a. á hvað málfræðingar hefðu oft verið sjálfum sér ósamkvæmir: þeir útrýmdu t.d. áður algengri eignarfallsmynd sérnafnsins *Hjörtur* (*Hjörts* varð að vera *Hjartar*) en eignarfallsmyndin *Björns* fékk að standa óáreitt við hlið *Bjarnar*.

Stefán Karlsson notaði í sömu grein orðið *hreintynklar* um þá sem vildu hreinsa tunguna af útlendum orðum; hann sagði að alls ekki væri viturlegt að útrýma gömlum eða nýjum tökuorðum sem hafa aðlagast beygingum í málinu. Hann vildi leyfa þeim að dafna við hlið hinna íslensku; slíkt gæfi stílnum kraft og tilbreytingu.

Þannig er bæði talað um að *bremsa* og *hemla*; við segjum *traffík* og *umferð*; *sjökk* og *áfall*; *batterí* og *rafhlaða*; *túristi* og *ferðamaður*, *gardínur* og *gluggatjöld*, *pása* og *hlé*. *Túristi* finnst mér reyndar vera ljótt orð, að ég ekki tali um hin hráu orð *gæd* og *trend* – og mörg fleiri! Látum smekkin ráða.

Málfarspistill 42 – Ofnotkun orða og orðasambanda

Ofnotkun orða og orðasambanda er hvítleið. Eru ekki fleiri en ég orðnir leiðir á: ég er meðvitaður/ ég er opin fyrir (Edinborg)/ þegar til lengri tíma er litið/ á þessum tímavarki/ gekk vel fyrir sig/ er vel staðsettur/ hvað er í gangi?/ ég er góður (sem svar við spurningunni: má ég bjóða þér meira?)

Málfarspistill 43 – Leikur að orðum

1) „Ég hélt ég gæti ekki gengið aftur,“ sagði konan í blaðaviðtali. Mér krossbrá og hugsaði: Er kominn draugur á stjá?

2) Og hver er svo fleirtalan af þúsundkall? Svar: Þið sundkallar.

Málfarspistill 44 – Mannlýsingar

Benedikt Jóhannesson skrifar á heimur.is um mannlýsingar og segir að á tímum ljósmynda og myndbanda sé hæfileikinn til mannlýsinga að hverfa. Hann tekur dæmi úr bókum Kristleifs Þorsteinssonar (1861-1952), *Úr byggðum Borgarfjarðar*:

„Jón Sigurðsson var mannúðarmaður, ríkur af góðvild, en fátækur að fé. Vann hann af miklu kappi, en minni forsjá, gaf sér litla hvíld og bar þó lítið úr bítum. ... Hann var meðalmaður á vöxt, kvikur og knálegur, fölleitur og grannleitur, næstum skegglaus. Ekki var hann greindur, en vel fór hann með sínar litlu gáfur.“

Hér eru *andstæður* áberandi (ríkur – fátækur o.s.frv.). Og ef lesendur vantar dæmi um ýkjur þá er það hér:

„Og svo munnstór er hún, að þar á hún engan sinn líka, því að standi maður fyrir aftan hana, má sjá þaðan í bæði munnvik hennar.“

Málfarspistill 45 – Tvær myndhverfingar; ein viðlíking

Dæmi 1 (myndhverfingin er skáletruð): „Það hafði rignt nýlega. *Malbikið var dökkur spegill* sem þau sáu sig sjálf og hvert annað í.“ (Til öryggis: þau voru þrjú! Annars hefði staðið „hvort annað“.)

Nöturleg er saga sem Ingunn Snædal þýddi af konum í Mexíkó. Þar er þessi myndhverfing í máli Sofíu ömmu: „Týnd kona er bara enn eitt laufið sem hverfur ofan í ræsið í rigningu.“

Og svo þessi *viðlíking* í máli móðurinnar strax á eftir: „Öllum er sama um Ruth. Henni var bara stolið, eins og bíl.“

Málfarspistill 46 – víst/ fyrst

Ung kona á sveitasíma (feisbók) var ekki ánægð með eftirfarandi orðalag: „Víst að það er mottumars ætla ég að safna skeggi!“; og: „Víst þetta gengur svona illa ætla ég bara að hætta við.“

Athugasemdin orsakaði heita umræðu á sveitasíma. Dæmi: „Af hverju er í lagi ef maður er góður í íslensku að skíta yfir aðra sem eru það ekki, bæði í ræðu og riti? Búum við enn við þannig samfélag að ef íslenskan er ekki fólks sterkasta hlið að þá má gjaldfella alla þekkingu viðkomandi?“

Um þetta „víst“ er það að segja að það sést víða á miðlum þar sem búast mátti við „fyrst“ (=úr því að). Þessi breyting virðist stafa af misheyrn.

En hvað skal segja um sárindi mannsins sem „skitið var yfir“?

Við getum ekki krafist þess að allir tali og skrifi óaðfinnanlega. Særum engan, en ræðum samt um tungumálið á heimilinu og annars staðar, og leitum upplýsinga á bin.arnastofnun.is og í handbókum (*Íslensk orðabók*, *Mergur málsins* o.s.frv.). En við skulum gera kröfur til blaða- og útvarpsmanna.

Málfarspistill 47 – Blikur á lofti

Í útvarpinu var talað um „blikur á lofti“ í merkingunni jákvæð teikn. Þá hefur upprunalegi merkingu þessa orðasambands verið snúið við. *Blika* er „aflangur (gulhvítur) skýjabakki, óveðursský“. Okkur líst ekki á blikuna: okkur þykir ástandið ískyggilegt. Ef blikur eru á lofti er útlitið ekki gott. Fyrirbæri í náttúrunni (í þessu tilviki óveðursský) er látið ná yfir ástand og horfur í lífi manna (ógnvænlegar horfur).

Málfarspistill 48 – Forðumst nöldur

Reynum þrátt fyrir allt að forðast nöldur. Reynum jafnvel að vera skemmtileg (og stundum tvíræð) eins og vinur á sveitasíma: „Það eina sem háir mér þessa dagana er að ég get ómögulega gert upp á milli jóla og nýárs.“ Ég gaf honum „lík“.

Hvers vegna er málgreinin í gæsalöppunum tvíræð?!

Málfarspistill 49 Símon Bólívar, frelsishetja í Suður-Ameríku (sbr. Bólívía)

Ég var svo heppinn í vikunni að fá bók volga úr prentsmiðjunni. Hún heitir *Lungnafiskarnir* og er eftir Gyrði Elíasson. Þetta eru „smáprósar“. Einn prósin kallast *Slökunarmeistarinn* og er um Símon: „Hann var álitinn mjög latur, og var kallaður Símon Bólívar, af því að hann var alltaf í bólinu þegar öðrum fannst að hann ætti að vera að vinna. Mig grunar að það hafi verið pabbi sem fann upp á þessu auknefni, því hann var mjög áhugasamur um sögu og bókmenntir Suður-Ameríku“ (bls. 27). Annar prósi er um austurrískan skógarvörð sem sagðist helst ekkert lesa, nema laufblöð. Ég las tíu fyrstu prósana fyrir konuna mína og hún hefur sjaldan skemmt sér betur.

Málfarspistill 50 – Samræmd próf

Það er árvísst skemmtiefni þegar menn fara á flug í kjölfar samræmdra prófa í íslensku. Það verður allt vitlaust. Mætir menn vilja leggja prófin niður enda búnir að sannfæra sjálfa sig um að þau séu á góðri leið með að leggja tunguna í rúst og drepa áhuga nemenda á móðurmálinu ævilangt. En: Oft hef ég hitt háskólanema sem þakka einmitt samræmdu prófunum það litla sem þeir þó fengu að læra í málfræði.

Í þetta sinn sprakk sprengjan út af sögninni *hlakka*. Það mátti ekki spyrja um hana. Vissulega er hún hættuleg: Andri litli hans Péturs Gunnarssonar sagði „mér hlakkar til“. Faðirinn leiðrétti og sagði „mig hlakkar til“. Móðirin lymskufull: „Ég hlakka til“. Faðirinn yfirgaf hana í kjölfarið (sbr. bókina *Punktur punktur komma strik*).

Í hvaða falli er fallorðið sem þú notar á undan sönginni *hlakka (til)*?

Málfarspistill 51 – Móðurmálið rætt í heita pottinum

Í heitum potti á dögnum vildu allir ræða um móðurmálið. Íslenskan deyr ekki meðan þannig er ástatt.

Einn benti á að fréttabörnin skildu oft ekki venjulegt mælt mál. Þannig stóð í fyrirsögn að „níundi hver karlmaður“ stríddi við tiltekinn vanda. En átt var við níu af hverjum tíu. Merkingin hafði snúist við, líkt og þegar „blikur á lofti“ urðu jákvæð teikn og orðið „öndverður“ var látið merkja „ofanverður“; og orðasambandið „myrkur í máli“ notað um þann sem var „ómyrkur í máli“. En stundum verður breyting á merkingu orða í aldanna rás, sbr. „eyðimerkurnar“ í *Eiríks sögu rauða*. Þetta voru eyðiskógar.

Til glöggvunar:

níundi hver = einn af hverjum níu

blíkur á lofti = óveðursský á loft (ískyggilegt ástand)

á öndverðri 18. öld = á fyrri hluta eða í byrjun 18. aldar

á ofanverðri 18. öld = á seinni hluta eða undir lok 18. aldar

Málfarspistill 52 – slettur og orðaleikir

Í heitum potti var sagt að aukin umræða um tungumálið tengdist m.a. því að mönnum væri farið að blöskra hvað mikið væri slett, t.d. í spjallþáttum (aktjúallí; praktikallí, trend, dúbíos, skeptikal, heví o.s.frv.).

Höldum áfram að ræða um móðurmálið, jafnvel í léttum dúr. Eftirfarandi þrjú dæmi eru tekin af sveitasíma (feisbók):

1) Elsti maðurinn í HEIMI býr auðvitað í Skagafirði (hann er félagi í Karlakórnum Heimi)

2) Litli kútur spurði afa: Hvað gerir maður við gamalt nautahakk? Býr maður kannski til eldri borgara?

3) Er ekki tilvalið að taka upp götuheitið *Íbúfen* (sbr. Faxafen og Fákafen) í Skeifunni í Reykjavík þegar farið verður að byggja íbúðarhús á þeim fallega stað? Íbúafen eða Íbúðafen kæmi líka til greina (og mundi þá í framburði verða Íbúfen).

Málfarspistill 53 – heyjanna, heyanna, hey, Anna

Íslenskukennarinn er hress í fyrsta tíma eftir áramót. Hann les upp stafsetningaræfingu:

a) Þeir [þ.e. Hrafna-Flóki og félagar] gáðu eigi fyrir veiðum að fá **heyjanna** og dó allt kvikfé þeirra um veturinn.

b) Vegna kalskemmda og **heyanna** hófust hrútasýningar á Vesturlandssvæði í seinna lagi.

c) **Hey, Anna**, takk fyrir gærdaginn.

Þetta er ekki bara grín. Þetta er kennsla. Það er *j* á milli *ey* og *a*. En í samsettum orðum eins og *heyanna* (nefnifall: *heyannir*) á reglan ekki við.

Og svo er spurning hvort það þyki fínt að nota í íslensku upphrópunina *hey* (*hei*): hún er ekki í orðabókum en sést víða á netmiðlum, því miður.

Málfarspistill 54 – Lítill og stór stafur

„Vegna kalskemmda og heyanna hófust hrútasýningar á Vesturlandssvæði í seinna lagi“: Við höfum *Vesturlandssvæði* með stórum staf rétt eins og t.d. *Skagafjarðarveldið*. Og það er stór stafur í *Þorláksmessu* en aftur á móti lítill stafur í *jakobsfífla*, *napóleonsköku*, *evuklæðum* og *ökubór*. *Stafsetningarorðabókin* (2006), skýrir þennan mun (bls. 679): „Ef sérnafni fylgir enginn eða aðeins hverfandi merkingarþáttur í myndun samnafns er samnafnið haft með litlum upphafsstaf enda þótt það sé upprunalega dregið af sérnafni.“

Málfarspistill 55 – deyja/ drepast

„Þeir [þ.e. Hrafna-Flóki og félagar] gáðu eigi fyrir veiðum að fá heyjanna og dó allt kvikfé þeirra um veturinn.“ Þessi málsgrein er tekin úr sögunni í *Landnámu* af Hrafna-Flóka. Við sjáum að þar er talað um að kvikfé *deyi*; nú er gjarnan sagt að fé *drepist*. En hitt hlýtur að vera í góðu lagi einnig úr því að það stendur í *Landnámu*.

Málfarspistill 56 – Ávarp er afmarkað með kommu(m)

„Hey, Anna, takk fyrir gærdaginn.“ Minnumst þess að ávarp skal afmarka með kommu(m).

Málfarspistill 57 – hringaskorða = kona

Í heita pottinum sagði roskin kona (hún var „í eldri kantinum“: hryllilegt orðalag!) frá því að níu ára hefði hún verið látin læra „Nú er frost á Fróni“ (*Þorraþrællinn 1866*) eftir Kristján Jónsson. Þar standa þessar línur: „Hvítleit hringaskorðan huggar manninn trautt.“ Telpa skildi ekkert í þessu fyrr en hún var komin á fullorðinsár. Þarna í pottinum skýrði hún þetta eins og besti kennari, sagði m.a. að *hringaskorða* væri *kenning* í anda fornkvæða. Sú sem skorðar (festir) hringana = kona; og trautt = varla. Náföls húsfréyjan getur ekki huggað manninn sinn enda er búið að verða autt og búið snautt. Það er vel hægt að kenna níu ára börnum þetta.

Sama er að segja um *hringaná*, kenningu sem Jónas Hallgrímsson gerði fræga í „Hættu að gráta, hringaná“, en stúlkan grét af því að Grímur græðari hafði í lækningaskyni höggvið af henni tá með sporjárn. *Ná* = Gná, ein af ásynjum, og ríður loft og lög. *Kona* er þannig gyðja hringanna. (Ofurnákvæmur landi mundi e.t.v. stafsetja: hringa Ná.)

Málfarspistill 58 – *töggur* = karamellur

Orðið *töggur* (kvk.ft.) átti að koma í staðinn fyrir ‚karamellur‘. En það náði aldrei að festast í málinu þótt reynt hafi verið. Orðin *töggurbætingur* (= karamellubúðingur) og *töggursósa* (= karamellusósa) standa t.d. í matreiðslubók frá 1945.

Málfarspistill 59 – Orð ársins 2014

Og nú ætla ég að segja ykkur frá vali mínu á orðum ársins 2014:

líkþrá = von um „lík“ (læk) á sveitasíma (feisbók) (Gyrðir Elíasson)

sjálfviti = Besserwisser (Valgarður Egilsson)

Málfarspistill 60 – Semikomma (depilhögg)

Á baksíðu í víðlesnu blaði stóð þetta: „Á meðal viðstaddra voru Ragnheiður Elín Árnadóttir iðnaðarráðherra og eiginmaður hennar, Jón Gerald Sullenberger kaupmaður, Ásta Hrafnhildur Garðarsdóttir, sem “ o.s.frv.

Nú er vitað að Ragnheiður Elín og Jón Gerald Sullenberger eru ekki hjón. Hvernig hefði þá mátt komast hjá leiðum misskilningi?

Hér hefði semikomma (depilhögg) leyst allan vanda: „Meðal viðstaddra voru Ragnheiður Elín Árnadóttir iðnaðarráðherra og eiginmaður hennar; Jón Gerald Sullenberger kaupmaður“ o.s.frv. Semikommu má nota í upptalningu „til að afmarka þá liði sem helst eiga saman“, segir í þeirri góðu bók, *Stafsetningarorðabókinni* frá 2006 (bls. 728).

Málfarspistill 61 – Haus-tönn / haust-önn

Það er ekki sama hvernig við skiptum orðum milli lína. Haus-tönn er t.d. ekki það sama og haust-önn og vel-limaður er annarrar merkingar en velli-maður (hvað sem það orð annars þýðir). Og minna má á ístru-flanir frá árunum þegar ís-truflanir voru tíðar við Búrfellsvirkjun. Ég legg til að orðið *ístru-flanir* verði tekið upp í merkingunni „áhyggjur af yfirvigt“: Hann var með miklar ístruflanir eftir jólaátið.

Af ofantöldu sést að stafsetning og framburður fara ekki nærri alltaf saman, sbr. einnig þetta: Á hverjum degi slettir hann deigi í form svo hann deyi ekki úr leiðindum (góð stafsetningaræfing!).

Settu orðin sem byrja á d- í málsgreininni hér á undan í nf.et. eða nafnhátt eftir því sem við á!

Málfarspistill 62 – Sami framburður en gjörólík merking

Það má benda börnunum á orð sem eru nákvæmlega eins í framburði og stafsetningu en hafa gjörólíka merkingu:

Þetta var rúmlega mánaðar rúmlega (orðflokkagreining: ao. + no.).

Til að fyrirbyggja námsleiða eru nemendur látnir velja milli námsleiða (námsleiði/ námsleið).

Hún kynntist tælandi mönnum í Tælandi (orðflokkagreining: lo. + no.).

Og örfá viðbótardæmi um tvíræðni:

Selur í göngugötunni (so. eða no.?).

Mikill hiti í *læknum* á Ísafirði (lækur eða læknir?).

Vöknuðu þeir við það (vökna eða vakna?).

Málfarspistill 63 – Nýyrði geta vakið kátínu

Nýyrði eru stundum glettnisleg: *sjálfhverfa* (*selfie* í munni margra hér). Sigurður Konráðsson prófessor mun vera höfundurinn; orðið beinir hugsuninni ósjálfrátt að þeim sem sjálfhverfir eru.

Þá er að nefna *skatthol* sem Gyrðir Elíasson hefur notað yfir skattaskjól víkinganna. Orðið minnir á *svarthol* sem segja má að geti komið í kjölfar stórra skatthols-mála.

Gyrðir víkkaði einnig út merkingu orðsins *líkþrá* (= von um „lík“ á sveitasíma (feisbók)).

Nýyrðið *ömurð* notar Sigurður Pálsson í *Táningabók*. Þetta orð, *ömurð*, lýsir sér sjálf (e-ð ömurlegt) og er þeirrar náttúru að manni finnst það hafa verið til um aldir.

Málfarspistill 64 – *prósi / póesía*

Í *Táningabók* talar Sigurður Pálsson m.a. um eðli ljóðlistar og það að vera listamaður, ljóðskáld. Hann segir: „Í prósa leynist þráður, í póesíu er mynd. Gjarnan að viðbættum hljómi“ (bls. 125). Þessa fullyrðingu mætti ræða þegar farið er yfir prósa (óbundið mál) og póesíu (bundið mál/ljóð).

Málfarspistill 65 – *barkadjúpur/ jógúrthvítur: samsett lýsingarorð*

Menntaskólaneminn Sigurður Pálsson fór á Hótel Borg (á 7. áratug síðustu aldar): „Settist inn um kaffileytið, háværir alþingisforkólfar og verslunarmenn höfðu hertekið öll gluggaborðin, létu kersknisskeyti fljúga hver um annan þveran og hlógu barkadjúpum hlátri, uppfullir af íslensku hreppstjóragslammi, létu ferskeytlur dynja hver á öðrum“ (*Táningabók* 2014, bls. 231). Allt í einu rak unga skáldið augun í „jógúrthvíta“ fótleggi þessara miklu manna; þeir voru allir í of stuttum buxum.

Málfarspistill 66 – Er íslenskan alltaf rökleg?

Íslenskan er ekki alltaf rökleg, sbr. t.d. setningarnar „ég er einn af þeim sem *hef* aldrei...“ og: „ég er einn af þeim sem *hafa* aldrei...“. Sú síðari er málfræðilega hárrétt; þá fyrri hafa mætustu menn samt bæði sagt og skrifað lengur en elstu menn muna.

Ég var eitt sinn leiðréttur af góðum lesendum vegna orðasambandsins „forða misskilningi“. Ég skal alveg taka undir það að þetta er ekki rökrétt, og ég man eftir aðfinnslum við það hér í gamla daga. En svona var samt talað og skrifað. Helgi Hálfðanarson birti um þetta bráðskemmtilega grein í *Morgunblaðinu* 17. júlí 1974 (endurprentuð í *Skynsamleg orð og skætingur* 1985, bls. 58–60). Helgi sagði: „Raunar er svo komið fyrir linnulausan áróður að varla þorir nokkur maður frammar að taka sér í munn orðasambandið *forða slysi*, annaðhvort af misskilinni málvöndun eða af ótta við að verða kjöldreginn fyrir dáraskap. Heldur er klastrað saman að *koma í veg fyrir slys* eða einhverju ámóta hrúgaldi.“

Það er víst ekki rökrétt heldur að segja að *fjórir* séu helmingi meira en *tveir*, af því að einhver rökhyggjumaður komst að raun um að *þrír* væru helmingi meira en *tveir*. Við áttum semsagt allt í einu að fara að segja: *tvöfalt meira*.

Í framhaldi af þessari rökumræðu: Megum við þá ekki lengur segja: það er *von* á ofsaveðri; eða: á dauða mínum átti ég *von*?

Málfarspistill 67 – Mismunandi kyn sama orðsins

Orðin *foreldri* og *foreldrar* eru tvær orðmyndir. *Foreldri* er hvorugkyns, og fleirtalan er *foreldri*: annað foreldrið, bæði foreldrin. En orðið *foreldrar* er karlkyns og einungis notað í fleirtölu: báðir foreldrarnir. Ýmis fleiri dæmi eru um mismunandi kyn sama orðsins (eða tveggja afbrigða): *vættur* (kk og kvk); *atgervi* (kvk og hk); *örn* (kk og kvk); (regn)*skúr* (kvk og kk); *fannfergi* (hk)/*fannfergja* (kvk) o.s.frv.

Málfarspistill 68 – Dönsk tökuorð á undanhaldi

Dægradvöl, ævisaga Benedikts Gröndals Sveinbjarnarsonar, er stórmerkileg heimild um íslenska borgarastétt 19. aldar (einnig um Íslendinga í Kaupmannahöfn), t.d. drykkjuskap menntamanna. Gröndal dvaldi langdvölum í Kaupmannahöfn og augljós dönskuáhrif birtast í texta hans (og margra annarra samtímamanna hans).

Dönskuáhrifin hafa dofnað í máli okkar miðað við það sem er í *Dægradvöl*. Gröndal talar um *famíliunöfn* (ættarnöfn), *gera áhrif* (hafa áhrif), *póetískt element*, óska til *lukku*, til allrar *ólukku*, *gefa illan karakter*, *examensmann* og *examensstíl*, *physik*, *æsthetik*, *á fyrsta sal*, af *prívatmanni* að vera o.s.frv.

Málfarspistill 69 – Boðhátur af sögninni deyjja?

Hvernig er boðhátur af „deyjja“? Gefum Benedikt Gröndal orðið þar sem hann talar í *Dægradvöl* um danskan trésmið, búsettan í Reykjavík; hann átti íslenska konu: „Þegar A. lá banaleguna, þá var hann að fárast um að konan sín yrði nú að missa sig, en hún sagði: „dey þú bara, pabbi, ég giftist aftur“; annars er ekki getið um að þeim kæmi illa saman“ (159).

Málfarspistill 70 - Mannlýsingar

Mannlýsingar Gröndals í *Dægradvöl* eru óborganlegar. Um skólafélaga sagði hann: „...hann var lítill og ljótur, óþrifalegur og munnstór og slefaði ávallt; hann var fluggáfaður, en gáfurnar voru ófagrar og leiðinlegar“ (101). Fleiri dæmi: „Hann var ekki sjómannslegur, og líklega upprunalega fremur lagaður fyrir bóknám eða málverk, en varð sérvitur og staurlegur af uppfræðingarskort“ (93). Hann „var lítill maður vexti, veiklegur og óstyrkur að sjá, mjóhljóðaður og skrýttinn, með plástur á höfðinu, fótaveikur og aumingjalegur en ákafamaður“ (244).

Málfarspistill 71 – Enn um slettur

Fyrirsögn málfarspistils í Morgunblaðinu þann 14. mars 2015 var: *Beysi-Kalli*. Í sjálfri greininni stóðu síðan þessi orð: „Auk þess legg ég til að Beysi-Kalli verði settur á hólð; hann er orðinn svo tens, karlinn.“

Fjölmargir lesendur höfðu samband við höfund greinarinnar og sögðust ekki skilið neitt í fyrirsögninni (*Beysi-Kalli*). Höfundurinn svaraði á þá leið að *basically* væri Kalli á móti slettum.

Málfarspistill 72 – Ég skrapp til Egils Daða

Nú er veturinn liðinn, Veturliði. Vini mínum Veturliða er ekki skemmt þegar menn heilsa honum svona á sumardaginn fyrsta og halda að þeir séu að uppgötva þennan orðaleik fyrstir manna. „Hvað hefurðu *hafst að* í dag?“ spurði Siggi frændi móður mína eftir að hún hafði kynnst manni með ættarnafninu *Hafstað*. Slíkir leikir geta sært ungar sálir. En fyndnir eru þeir sem sköpuðu tvínefnin Lín Skuld, Ríta Lín, Mist Eik, Lotta Fönn, Lind Ýr, Sól Hlíf og Líf Vera. Og einhver setti Egil Daða í eignarfall: Ég fór til Egils Daða.

Málfarspistill 73 – Má maður ekki vera *tortrygginn*?

Í pottinum er oft heit umræða um málfar. Kunningi sagði að sér væri svo sem sama þótt menn segðu „mig kvíðir fyrir“ (í stað „ég kvíði“). En endalausar slettur, jafnvel hjá útvarpsmönnum og þó einkum viðmælendum þeirra, færu mjög fyrir brjóstið á sér, sbr. manninn sem sagðist vilja *komprómissera* milli svæða og húsa. Mætti ekki nýta íslenskan orðaforða betur en gert er? Hvers vegna þurfa t.d. allir að vera *skeptískir*? Megum við ekki stundum vera *tortrygginn*? Gefum okkur tíma til að ræða um íslensk orð í útrýmingarhættu.